

## REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 167/2015 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrír nýir töluliðir, 61., 62. og 63. tölul., svohljóðandi:

61. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/129 frá 1. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið „hreinsaður hálffastur útdráttur úr *Humulus lupulus* L. sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt)“.
62. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/305 frá 3. mars 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gentamísín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2016 frá 3. júní 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, frá 18. ágúst 2016, bls. 418.
63. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/312 frá 4. mars 2016 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið týlvalósín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2016 frá 8. júlí 2016. Reglugerð er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, frá 22. september 2016, bls. 175.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. nóvember 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Eggert Ólafsson.*